

Yasumasa Morimura: *Dóttir listasögunnar: A prinsessa*; blönduð tækni, 1990.

Morgunblaðið/Einar Falur

## Sýning í Gallerí einn, einn

Í Gallerí einn einn við Skólavörðustíg stendur nú yfir sýning á olíumálverkum Helga Arnar Helgasonar myndlistarmanns. Helgi er fæddur 23. apríl árið 1960 og nam við Myndlista- og handiðaskóla Íslands á árunum 1982-1986. Hann er búsettur í Järna í Svíþjóð þar sem hann vinnur að list sinni.

Helgi hefur haldið nokkrar einkasýningar, þar á meðal í Gallerí Kretsen í Söder Tälje árið 1990 auk þess sem hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga.

– Hver eru tildrög sýningarinnar?

Þar sem ég hef búið lengi erlendis og ekki heimsótt Ísland nema einu sinni á því tímabili þá ákvað ég að reyna að koma hingað. Ég hef saknað landsins og nálægðarinnar við hafið mikið og þá sérstaklega fjallasýningarinnar því að þar sem ég bý byrgja trén fyrir útsýnið að miklu leyti. Ég ákvað að nota tækifærið jafnframt til þess að sýna verk mín. Kannski er að finna í þessum verkum mínum einhverja heimþrá.

– Á hvaða tímabili eru myndirnar unnar?

Ég byrjaði á skissubók á gamlaársdag síðastliðinn á leið minni frá Järna til Lundar. Í reynd sækir ég efnivið þessara mynda í þá bók. Myndirnar eru því allar unnar eftir áramót.

– Er mikill munur á aðstöðu listamanna í Svíþjóð og á Íslandi að þínu mati?

Já, ég held að það sé auðveldara að komast af í Svíþjóð, laun eru almennt betri og orkan fer þá ekki eingöngu í það að vinna fyrir salti í grautinn með einhverju öðru en myndlistinni.

Ég hef t.d. komið mér þannig fyrir að ég hef ágæt laun og stuttan vinnutíma. Ég bý á gömlu prestsetri í útjaðri Järna og þar erum við tvær fjölskyldur sem rekum heimili fyrir fimm þroskahefta karlmenn. Vinnutíminn er mjög frjáls og því hef ég megnið af tíma mínum til að sinna myndlistinni.

– Hvað heldurðu að hafi helst haft áhrif á það að þú fórst út á myndlistarbrautina?

Ég hélt lengi vel að ég yrði sjómaður og byrjaði snemma til sjós. Ég hafði aldrei hugsað mér neitt annað en var þó alltaf teiknandi.

Eftir nokkurra ára veru á sjónum þá hætti ég og fór að vinna á Kópavogshæli. Þar komst ég í kynni við ungan myndlistarskólanema sem hvatti mig til að þreyta inn-tökupróf við Myndlista- og handiðaskóla Íslands.

Það var ekki fyrir eftir prófið sem ég fann að þetta var það eina sem ég gat hugsað mér að gera.



– Telurðu að vera þín á sjónum móti á einhvern hátt verk þín?

Hún hefur átt stóran þátt í því að móta mig sem manneskju og þar af leiðandi hefur hún áhrif á allt sem ég geri.

Viðtal: Einar Örn Gunnarsson



og eldur, 1989. Bakvið má sjá myndir eftir

Tomiaki Yamamoto: *New York altaristaflan (miðhlutinn)*; blönduð tækni, 1988.Kaoru Hirabayashi: *51 hljóð – Kanji*; akrýl og tré á striga, 1986.

en hann sagði að hinar myndirnar, sem eru með dempraðri litum, væru mun vinsælli í Japan og höfðuð meira til þarlandrar fagurfræði.

Það er einstakt tækifæri að fá þessa sýningu hingað, og við hefðum aldrei getað lagt út í það á eigin spýtur. Þetta er vitaskuld langstærsta sýning á japanskri nútímalist sem hefur komið hingað, hún tekur yfir allt húsið og mér finnst hún njóta sín afskaplega vel hér. Þessir stóru salir og hráir gangarnir bjóða upp á skemmtilega umgerð fyrir verkin.“

– efi